



Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	<b>Áfangalýsing FRAN1AA05</b>	

<b>Búið til – útg.</b>	22. sept 2016
<b>Námsgrein</b>	Franska
<b>Titill</b>	Franska 1 fyrir grunn notanda - a
<b>Skammstöfun</b>	FRAN1AA05
<b>Viðfangsefni</b>	Evrópski tungumálaramminn, grunnur, stig a1
<b>Staða áfanga</b>	Sampykkt af skóla
<b>Prep áfanga</b>	1
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	<p>Í þessum byrjunaráfanga í frönsku tileinka nemendur sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir jöfnum höndum í öllum færniþáttum tungumálsins, hlustun, lestri, samskiptun, frásögn og ritun í samræmi við evrópska tungumálarammann. Áhersla er lögð á framburð, orðaforða og grunnbyggingu frönskunnar ásamt því að kynnast franskri menningu og menningu annarra frönskumælandi landa. Áhersla er á einstaklingsmiðað nám og að nemendur fylgist stöðugt með námi sínu og framförum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna. Leitast er við að nemendur geti notað frönskukunnáttu sína við ýmsar einfaldar aðstæður í daglega lífinu, eins og almennar kveðjur, kynningu á sjálfum sér og öðrum, þúun og þérun, fjölskyldu, tómstundir og áhugamál.</p>
<b>Forkröfur áfanga</b>	Enginn
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfnimiðum áfangans</li> <li>• grunnþáttum franska málkerfisins</li> <li>• einföldum aðstæðum í daglegu lífi, menningu og siðum í Frakklandi og öðrum frönskumælandi löndum</li> <li>• mismun á töluðu og rituðu máli og mismunandi notkun tungumálsins í daglegum samskiptum</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</li> <li>• greina talað mál í einföldum setningum og fyrirmælum um kunnugleg og skilið helstu kveðjur og kurteisísávorþ þegar talað er hægt og skýrt</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	<b>Áfangalýsing FRAN1AA05</b>	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2		

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesa og greina ýmsa einfalda texta og hagnýt skilaboð úr daglega lífinu</li> <li>• taka þátt í einföldum samræðum og tjá sig um efni sem hann þekkir</li> <li>• tjá sig um sjálfan sig, fjölskyldu sína og atburði daglegs lífs með því að beita grunnorðaförða</li> <li>• beita viðeigandi hljómfalli, mál- og samskiptavenjum við mismunandi aðstæður í daglegu lífi</li> <li>• segja frá sjálfum sér og sínu nánasta umhverfi á einfaldan skýran hátt með viðeigandi orðaförða, málvenjum og framburði</li> <li>• skrifa einfaldar rétt uppbyggðar setningar um kunnuglegt efni</li> <li>• afla sér upplýsinga með hjálpargögnum eins og orðabókum í frönskunáminu sínu</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hlusta á og greina einfalt talað mál um kunnuglegt efni eins og um sjálfa/n sig og sitt nánasta umhverfi, draga viðeigandi ályktanir og bregðast við þeim</li> <li>• rökstyðja og bera saman einfaldar setningar, skilaboð eða texta um daglegar athafnir</li> <li>• leggja grunn að einföldum samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari einföldum, algengum spurningum um kunnug málefni</li> <li>• draga ályktanir og nota einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá sjálfum sér og nánasta umhverfi sínu</li> <li>• skipuleggja og rökstyðja í einföldum skapandi skrifum</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Lokaeinkunn byggir á kennara-, sjálfs- og jafningjamati á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir.</p>